

# Ársskýrsla 2022



*Sjálfstjórgar*  
**HEIMILIÐ**

Aftur út í lífið!



# EFNISYFIRLIT

STJÓRN .....	5
SJÁLFSBJARGARHEIMILÍÐ .....	6
STARFIÐ 2022 .....	7
ÁGRIP AF STARFI STJÓRNAR .....	10
ÁVARP FORMANNS .....	12
SKRIFSTOFA .....	13
BÚSETUENDURHÆFING OG HJÚKRUN .....	13
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ .....	15
TALMEINAÞJÓNUSTA .....	17
FÉLAGSRÁÐGJÖF .....	19
MÖTUNEYTI .....	20
ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGARHEIMILISINS .....	21

**Útgefandi:**

Sjálfsbjargarheimilið  
Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sími: 5500300

**Myndir:**

Ýmsir

**Ábyrgðarmaður:**

Þórdís Rún Þórisdóttir  
thordis@sbh.is

**Hönnun, umbrot og prentun:**

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



5

## Stjórn

Á landsfundi Sjálfssbjargar landssambands hreyfihamlaðra árið 2022 var gerð sú breyting að stjórn Sjálfssbjargarheimilisins var aðgreind frá stjórn Sjálfssbjargar lsh. Stjórn Sjálfssbjargarheimilisins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Tryggja skal nauðsynlega og fjölbreytta þekkingu innan stjórnar á stöðu hreyfihamlaðra, á sviði heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Samkvæmt 2. gr. laga Sjálfssbjargar lsh. skipar landsfundur two fulltrúa og einn varamann. Stjórn Sjálfssbjargar lsh. skipar svo þrjá fulltrúa og einn varamann. Fulltrúar í stjórn Sjálfssbjargarheimilisins sem skipaðir voru í kjölfar landsfundar 2022 eru:

Guðrún Karlsdóttir	Endurhæfingarlæknir	formaður
Björgvin Ingi Ólafsson	Hagfræðingur/MBA	varaformaður
Guðrún Árnadóttir	Iðjubjálfí/dósent við HÍ	meðstjórnandi
Magrét L. Arnheiðardóttir	Formaður Sjálfssbjargar lsh.	meðstjórnandi
Ólafía Ósk Runólfssdóttir	Sjálfssbjörg í Bolungarvík	meðstjórnandi
Magrét S. Jónsdóttir	Sjálfssbjörg á Suðurnesjum	varamaður
Soffía Eiríksdóttir	Hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur	varamaður



## Sjálfsbjargarheimilið

Sjálfsbjargarheimilið var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn á heimilið. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandinn að byggingunni á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan að henni var tekin árið 1966 og bar heimilið fyrstu árin nafnið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar en því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið. Árið 1997 staðfesti stjórn skipulagsskrá og segir þar m.a.: „Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfust aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Markmið Sjálfsbjargarheimilisins er að: Gera íbúum kleift að lifa eins sjálfbjarga lífi og mögulegt er. Þess skal gætt að réttur þeirra til sjálfsvörðunar sé virtur. Taka skal mið af þörfum hvers og eins og stuðla að innihaldsríku lífi.“

Í stefnumótun sem unnin var á árinu voru hlutverk og framtíðarsýn Sjálfsbjargarheimilisins skiltgreind. Hlutverkið er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýnin er „aftur út í lífið“. Nýtt hlutverk og framtíðarsýn rýmar vel við upphafleg markmið Sjálfsbjargarheimilisins og gengur út á að einstaklingar nái færni til að lifa eins sjálfstætt og þeim er unnt eftir veikindi eða slys.

Starfsemin hefur vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum frá upphafi. Á árinu 2020 var aukin áhersla sett á endurhæfingu og tekinn inn fyrsti íbúinn í endurhæfingarbúsetu. Endurhæfing hefur alltaf verið í dagþjónustu en verið að er yfirfæra þær áherslur á búsetu. Áfram var tekið inn í endurhæfingarbúsetu á árinu 2021 og aukin samvinna milli búsetu og Þjónustumiðstöðvar. Allir þjónustubegar í búsetu eru nú í íbúðum sem eru frá  $33\text{ m}^2$  stórar þar sem fólk hefur fullnægjandi aðstoðu. Talmeinafræðingur kom til starfa árið 2022 og sjúkrabjálfari. Meiri þungi er lagður í endurhæfingu og dregið hefur verið úr búsetu þeirra sem ekki eru í endurhæfingu.

Í skýrslunni er greint frekar frá starfseminni en Sjálfsbjargarheimilið er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði. Stofnunin er á föstum fjárlögum og hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá árinu 1992.

## Starfið 2022

Fjöldi stöðugilda var 51 á árinu 2022. Á hverju ári eru einhverjur starfsmenn að glíma við langtíma veikindi. Á undanförnum árum hefur veikindadögum fækkað en á nú er þeim að fjlga aftur. Er þessi þróun áhyggjuefni en þegar rýnt er í tölurnar kemur í ljós að nokkrir starfsmenn sem annars eru sjaldan frá vinnu vegna veikinda lento annað hvort í minniháttar slysum eða skammtíma veikindum sem býddi að þeir voru frá í nokkrar vikur í senn. Aukningin milli áranna 2021 og 2022 er töluverð eða rétt um 29%. Á árinu 2022 voru veikindadagar starfsmanna 2214 en á árinu 2021 voru veikindadagar starfsmanna 1718. Fram að þessum tíma hafði veikindadögum farið fækkandi frá árunum 2018/2019. Veikindi vegna barna árið 2022 voru 75 dagar sem eru aðeins færri dagar en árið á undan en þá voru þeir 86. Starfsmenn hafa þurft að skila inn vottorðum vegna veikinda en á nýju ári hefst samstarf við Heilsuvernd um tilkynningu á veikindum.

7

Á árinu 2021 tók gildi ákvæði kjarasamninga um vinnutímastyttingu hjá starfsfólki. Útfærslan var flókin og ólík eftir því hvort að starfsmenn séu dagvinnufólk eða vaktavinnufólk. Samhliða styttingu vinnuviku var innleitt nýtt viðverukerfi. Vel hefur gengið að vinna eftir þessu nýja fyrirkomulagi og nota starfsmenn smáforrit til að stimpla sig inn og út úr vinnu.

Á árinu hófst vinna við jafnlaunavottun í samstarfi við fagaðila. Markmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Verkefnið er yfirgripsmikið og lýkur á árinu 2023.

Þann 1. maí hóf Þórunn Hanna Halldórsdóttir talmeinafræðingur störf og er betta í fyrsta sinn sem talmeinafræðingur starfar hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Þórunn Hanna hefur mikla reynslu af endurhæfingu einstaklinga með heila- og taugaskaða og stýrir hún starfi endurhæfingarteymis. Í lok maí útskrifaðist Elín María Heiðberg iðjubjálfi sem fjölskyldufræðingur og í ágúst hóf störf Jana Björg Róbertsdóttir sjúkrabjálfari. Það var einnig mikill fengur að fá Jönu til starfa og nokkuð langt er síðan sjúkrabjálfari starfaði hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Henni barst svo liðsauki undir árslok þegar Brynja Dögg Björnsdóttir nemi í Íþróttatímum hóf störf samhliða námi. Lögð hefur verið áhersla á að auka hreyfingu fyrir þjónustubega og fara allir sem koma í endurhæfingu í mat á líkamlegri færni hjá sjúkrabjálfara. Margir eru þegar í sjúkrabjálfun sem þeir halda áfram að sinna en bæta við hreyfingu með þátttöku í hóptímum sem eru undir stjórn sjúkrabjálfara.

Í byrjun desember kom til starfa nýr forstöðumaður í eldhúsi, Jóhann Steinsson matreiðslumeistari. Forveri hans Garðar Halldórsson matreiðslumeistari léti af störfum á árinu vegna aldurs eftir að hafa starfað hjá Sjálfsbjargarheimilinu í 25 ár.

Nýtt rými fyrir starfsmenn í búsetu var tekið í notkun á árinu og lokið var við að færa þjónustubega í búsetu á 2., 3. og 4. hæð en áður höfðu þeir dreifst yfir fjórar hæðir. Þetta dregur aðeins úr hlaupum á milli hæða fyrir starfsmenn og kjarnar betur starfsemina. Þorramatur var á boðstólum í febrúar og hattadagur nokkru seinna. Bláum mars var fagnað, starfsmenn fengu sokka frá Krabbameinsfélagini



og matsalurinn var fagurlega skreyttur. Venju samkvæmt fengu starfsmenn páskaegg og á vormánuðum var farið í vorferð á vegum starfsmannafélagsins og skoðaður nýr miðbær á Selfossi. Haldin voru námskeið fyrir starfsmenn í viðbrögðum við bruna og allir fengu að spreyta sig á að nota slökkvitæki. Heilsuvika var um haustið og boðið var uppá holl orkuskot á hverjum degi, göngur, slökun og nudd fyrir starfsmenn. Í október voru haldnir starfsdagar og kom Sigríður Indriðadóttir frá Saga Competance til að ræða um meðvirkni í samskiptum á vinnustað. Ákveðið var að auka við fræðslu til starfsmanna á árinu og í nóvember hófst fyrirlestraröð þar sem Þórunn H. Halldórsdóttir talmeinafræðingur

fór yfir samskipti við einstaklinga með málstol. Undir lok árs voru málaðar piparkökur og komu fjölskyldur starfsmanna og skemmtu sér saman. Margar glæsilegar piparkökur voru gerðar á þessum degi. Í desember er vanalega mikið að gera og haldið var jólahláðborð, jólapreysudagur, jólaganga og svo fengu starfsmenn jólagjöf.

Öll höft vegna COVID-19 voru afnumin þann 27. apríl en ljóst er að sumt er komið til að vera eins og aukin notkun á handspritti og almenn aðgæsla í umgengni. Viðbrögð við COVID-19 faraldri voru fyrirferðarmikil í daglegu starfi árin 2020 og 2021. Það fór sem betur fer minna fyrir þessum faraldri á árinu 2022 og allir orðnir mjög sjóðir í viðbrögðum. Allir sem vinna í heilbrigðisþjónustu fögnuðu því þegar höftum var aflétt og starfsemi varð aftur lík því sem hún var fyrir faraldurinn. Sjálfsbjargarheimilið slapp nokkuð vel frá COVID-19 faraldrinum og aldrei kom upp hópsýking í starfseminni. Á fyrstu mánuðum ársins fengu bó nokkrir starfsmenn COVID-19 og nokkrir þjónustubegar í búsetu en vegna þess að allir hafa sína íbúð með eigin salerni breiddist sýkingin ekki út á meðal þjónustubega. Þetta var í fyrsta sinn á þessum rúmum tveimur árum sem smit barst inn í húsið til fleiri en eins aðila í einu. Þessum árangri má þakka miklu og góðu eftirliti starfsmanna, samstarfi milli eininga og samstarfi við aðstandendur.

Í mars var byrjað var að bjóða upp á flotmeðferð í sundi og hefur sú meðferð verið vinsæl. Flotið bjóður upp á mikla slökun sem margir ná ekki í sínu daglegu umhverfi vegna spasma í vöðvum og kemur þá flotið inn sem úrræði til að ná fram betri líðan, andlega og líkamlega. Í júní fengu íbúar fjórðu bólusetningu vegna COVID-19 og starfsmenn hafa einnig tekið virkan þátt í bólusetningum. Í júní var sumarhátíð í þjónustumiðstöðinni og grillaðir hamborgarar. Fornbílaklúbburinn kom og sýndi fornþíla og þjónustubegar tóku virkan þátt í heilsuvikunni. Svalirnar voru skreyttar með sumarblómum í júní og grillað var í góðu veðri á svölunum í ágúst. Haldinn var skreytingardagur í lok nóvember og þá komu aðstandendur og þáðu smákökur og heitt sukkulaði á meðan þeir aðstoðuðu sína aðstandendur við að skreyta fyrir jólin.

Á árinu hófst samstarf við Íþróttafélag fatlaðra (ÍFR) um nýtingu á tækjabúnaði

þeirra í HL stöðinni. Þónokkir sem eru í endurhæfingu nýta sér tækjasalinn og stutt er að fara til ÍFR. Samstarfið við ÍFR er rótgróið en félagið hefur leigt afnot af sundlauginni hjá Sjálfsbjargarheimilinu í mörg ár. Hópur þeirra sem eru í endurhæfingu er að yngjast og hreyfing fyrir utan þá endurhæfingu sem Sjálfsbjargarheimilið veitir er mikilvæg. Að auki eru þjónustubegar kvattir til að bæta við sína almennu hreyfingu eins og hægt er og heilsan leyfir.

Á landsfundi Sjálfbjargar lsh. í apríl var gerð lagabreyting sem kvað á um að stjórn Sjálfsbjargarheimilisins skyldi að vera aðgreind frá stjórn Sjálfsbjargar rétt eins og hún hafði verið fram til ársins 2018. Við þessa breytingu voru einnig settar fram kröfur um hæfi stjórnarmanna og skulu 3 af 5 aðalmönnum hafa reynslu og/eða þekkingu á starfsemi sem er sambærileg og starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins. Sjálfsbjörg lsh. skipar 2 fulltrúa úr félagasamtökunum í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins á landsfundi en hinir 3 eru skipaðir af stjórn Sjálfsbjargar lsh. Ný stjórn fundaði í fyrsta sinn þann 28. júní.

Nokkur starfsafmæli voru á árinu og þeir sjö starfsmenn sem áttu starfsafmæli fögnum 150 starfsárum. Þær sem fögnum 15 ára starfsafmæli voru Margrét Júlíusdóttir í Þjónustumiðstöðinni, Lilita Novikova og Monica Pirórkiwska í aðhlynningu. Garðar Halldórsson matreiðslumeistari, Svanhildur Ólafsdóttir í aðhlynningu og Þórunn Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur fögnum 25 ára starfsafmæli og að lokum fagnaði Ingibjörg Jóhannesdóttir sjúkraliði 30 ára starfsafmæli. Er þeim þakkað fyrir samstarfið og góð störf í þágu Sjálfsbjargarheimilisins.

9

Þrír starfsmenn létu af störfum á árinu vegna aldurs og voru það Garðar Halldórsson matreiðslumeistari, Kristín Rós Andréasdóttir bókari og launafulltrúi og Þórunn Ragnardóttir hjúkrunarfræðingur. Er þeim þakkað fyrir framlag þeirra til starfseminnar.

Þann 2. nóvember komu starfsmenn frá Reykjalundi á fund með helstu sérfræðingum Sjálfsbjargarheimilisins. Var starfsemin kynnt ásamt því að þeim var sýnd aðstaðan. Starfsemin var einnig kynnt fyrir heila- og taugalæknum Reykjalundar og Grensásdeilda. Forstöðumenn höfðu vinnudag og fengu fræðslu og tækifæri til að ráðfæra sig hvorn við annan.

Inntökuteymið fundar reglulega og fer yfir umsóknir en hlutverk þess er að fjalla um umsóknir og meta endurhæfingarbörf umsækjenda. Félagsráðgjafi stýrir starfi teymisins en að því koma auk félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar og talmeinafræðingur. Fundað er tvívar í mánuði og oftar ef börf er á. Umsóknir berast aðallega frá Grensásdeild og Reykjalundi, en einnig frá taugalækningadeild Landspítala. Meta þarf hverja umsókn og oft þarf að leita frekari upplýsinga, en góð samvinna hefur verið á milli stofnana.

Endurhæfingarteymið hélt einnig reglulega fundi og á þeim fundum var farið yfir endurhæfingaráætlun þjónustubega. Endurhæfingaráætlun er stöðugt endurmetin og aðlöguð að hæfi hvers og eins. Endurhæfingarteyminu stýrir talmeinafræðingur en í því starfa félagsráðgjafi, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar og sjúkrapjálf. Læknir er kallaður til eftir þörfum. Teymið fundar tvívar sinnum í viku, annars vegar um endurhæfingu í sólarhringsþjónustu og hins vegar um þá sem eru í endurhæfingu í dagþjónustu. Þá er farið vel yfir markmið hvers þjónustubega sem er í endurhæfingu og staðan tekin um framhaldið. Á þessum fundum er einnig ákveðið hvenær skuli halda fjölskyldufundi og markmiðafundi, sem eru þá haldnir sér með því fagfólk sem kemur að endurhæfingu þjónustubega.



10

Starfsemi Þjónustumiðstöðvar er í stöðugri þróun og var með hefðbundnum hætti á árinu. Gerð var skýrari aðgreining á milli þjónustuþega sem eru í endurhæfingu og þeirra sem eru í viðhaldsendurhæfingu. Rekstur sundlaugar tilheyrir Þjónustumiðstöðinni og á árinu var tölувert um bilanir á búnaði laugarinnar. Sundlaugin er komin til ára sinna og ljóst er að það líður að þeim tíma að endurnýja þurfi búnaðinn sem er upprunalegur.

Rekstur mótneytisins hefur verið jafn og gengið vel og er almenn ánægja með matinn og fyrirkomulag hans. Boðið er reglulega upp á grænmetisrétti og reynt er að hafa salatbar vikulega eftir að faraldrinum lauk. Dregið hefur úr sætum eftirréttum og í stað aukið úrval ávaxta í eftirmat. Enn er hópaskipt í matsalinn til jafna á lagið og koma í veg fyrir biðraðir.

Fjárhagslegur rekstur var viðunandi á árinu 2022. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu samkvæmt áætlun en vissulega eru breytingar á gjaldaliðum milli ára. Ekki þurfti að endurnýja mikið af búnaði á árinu en það hefur begar verið gert á undanförnum árunum. Mönnun var stöðug og yfirvinna fór ekki úr böndunum frekar en árið á undan. Nýtt viðverukerfi styður vel við greiningu á mönnunarbörfg og veitir betri yfirsýn en verið hefur. Í rekstrinum skiptir mestu máli að halda launalið í skefjum og það tókst á árinu en laun og launatengd gjöld er stærsti rekstarliður Sjálfsbjargarheimilisins. Úrdráttur úr ársreikningi fylgir með aftast í skýrslunni.

## Ágrip af starfi stjórnar

Helstu verkefni stjórnar er að taka ákvarðanir í öllum meiriháttar málum er varðar starfsemina, svo sem að móta stefnu, samþykka rekstrar- og fjárhagsáætlunarir hvers árs og öll meiriháttar útgjöld. Ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykka ársreikninginn með undirskrift sinni. Ársskýrsla og ársreikningur er kynntur á árlegum landsfundi Sjálfsbjargar lsh. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Á árinu komu ýmis mál til umræðu. Reglulega er rætt um fjármál og lögð fram árshlutauppgjör. Í byrjun árs er lögð fyrir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Allar ákvarðanir sem ekki teljast til daglegs rekstrar eru bornar undir stjórn til samþykktar.

Á fyrri hluta árs var stjórn upplýst um aðgerðir vegna COVID-19, heimsóknarreglur voru hertar og takmörkuð nýting var á sundlauginni. Notkun sundlaugar var endurskoðuð á árinu og opnum tímum fækkað og lögð meiri áhersla á að nota sundlaugina til endurhæfingar.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði annan hvorn mánuð en falla niður yfir hásumarið. Á árinu hélt stjórnin sex formlega bókaða stjórnarfundi og í lok árs höfðu alls verið haldnir 235 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnarinnar árið 1991. Undanfarin ár hafa stjórnarfundir verið rafrænir en á seinni hluta ársins var horfið frá því fyrirkomulagi að beiðni stjórnarmanna.

Í byrjun árs kynnti Hrönn Pétursdóttir stjórnsýsluráðgjafi skýrslu um stjórnskipulag Sjálfsbjargar Ish. og Sjálfsbjargarheimilis. Í framhaldi var lögmanni falið að endurskoða lög Sjálfsbjargar Ish. og á landsfundi 2022 voru lagðar fram lagabreytingar sem m.a. kváðu á um breytingu á skipun í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins. Stjórn Sjálfsbjargarheimilisins var aftur sjálfstæð og gert skilyrði að hluti hennar yrði að búa yfir bekkingu/menntun eða reynslu til að geta tekið sæti í stjórninni.

11

Í byrjun árs voru tveir aðilar sem biðu eftir að hefja endurhæfingu en þá voru ekki tiltækar íbúðir. Sú staða breyttist þegar leið á árið. Stjórn var vel upplýst um verkefni skrifstofu Sjálfsbjargarheimilisins og þegar ný stjórn tók til starfa voru verkefni kynnt fyrir nýrrí stjórn.

Stjórn var upplýst um framgang stefnumótunarvinnu og var afrakstur af þeirri vinnu kynntur fyrir stjórn. Ákveðið var að leggja niður Minningarsjóð Sjálfsbjargarheimilisins sem hafði verið stofnaður árið 2013. Var fyrrverandi framkvæmdastjóri beðinn um að slíta þessum sjóð þar sem hann er formaður sjóðsins. Var þeirri beiðni komið áleiðis til hans.

Við breytingu stjórnar og skipan í stjórn tók ný stjórn til starfa í júní 2022. Verkefni nýrrar stjórnar var að fara yfir drög að starfsreglum fyrir Sjálfsbjargarheimilið en það er framhald af þeirri vinnu sem hófst þegar lögmaður var fenginn til að skoða lög Sjálfsbjargar Ish. Einnig lá fyrir að endurskoða þurfi nafn félagsins og ákveðið var að fá auglýsingastofu til að aðstoða við þá vinnu.

Undirbúningur fyrir 50 ára afmælið Sjálfsbjargarheimilisins hófst á árinu og voru tveir stjórnarmenn sem unnu að skipulagi í samvinnu við framkvæmdastjóra. Húsnaðismál voru rædd en Sjálfsbjargarheimilið óskaði eftir meira rými til afnota á 3ju hæð hússins. Ekki var hægt að verða við þeirri beiðni fyrr en um áramótin 2022/2023. Ákveðið hefur verið að flyta hluta af starfsemi Þjónustumiðstöðvar upp á 3ju hæð og verður það gert á fyrstu mánuðum árins 2023.

Stjórn samþykkti undir lok árs að greiða inn á lán sem var tekið árið 2017 vegna lífeyrisskuldbindinga eins og gert hefur verið síðustu 2 árin á undan.

Stjórnarstarfið gekk vel fyrir sig og á árinu var unnið að stórum og tímafrekum verkefnum sem teygðu sig yfir þó nokkurn hluta ársins og fram á næsta starfsárs stjórnar.

# Ávarp formanns

Stjórn samtakanna hélt sex formlega bókaða stjórnarfundí á árinu 2022 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 235 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Undirrituð tók við sem formaður í júní 2022. Á fyrri hluta árs voru stjórnarfundir haldnir rafrænt en á seinni hluta ársins voru haldnir staðarfundir að beiðni stjórnamanna.

COVID-19 var ekki eins fyrirferðarmikið og árin tvö þar á undan og í apríl var öllum takmörkunum aflétt. Engin hópsmit komu upp en þó voru einstaka þjónustubegar og starfsmenn sem smituðustu á fyrstu mánuðum ársins. Flestir starfsmenn og þjónustubegar eru bólusettir og hjálpar það mikið í þessari baráttu.

Reksturinn var hefðbundinn og það var ekkert sem kom á óvart á liðnu ári. Vel er haldið utan um launalið en það er stærsti gjaldaliðurinn í rekstrinum. Á árinu voru m.a. endurnýjaðir öryggishnappar fyrir þjónustubega og annar búnaður var endurnýjaður eftir þörfum. Starfsmenn fengu kennslu í viðbrögðum við bruna og á starfsdögum var rætt um samskipti og meðvirkni.

12

Á árinu áttu sjö starfsmenn starfsafmæli. Ingibjörg Jóhannsdóttir sjúkraliði átti 30 ára starfsafmæli. Garðar Halldórsson matreiðslumeistari, Svanhildur Ólafsdóttir í aðhlynningu og Þórunn Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur áttu 25 ára starfsafmæli. Lilita Novikova og Monica Piórkowska sem starfa við aðhlynningu áttu 15 ára starfsafmæli og Margrét Júlíusdóttir sem starfar í Þjónustumiðstöðinni. Samtals hafa þessir sjö starfsmenn starfað hjá Sjálfssbjargarheimilinu í 150 ára. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu heimilisins.

Áfram var unnið að því að efla þátt endurhæfingar á árinu. Samstarf milli eininga var sett í fastari farveg og voru inntökuteymi og endurhæfingarteymi virk í sínu starfi. Fjölgun var í fagstéttum á árinu er það mikilvægur þáttur til að efla endurhæfingu. Áfram er unnið að því að styrkja fagstéttir hjá Sjálfssbjargarheimilinu. Að bjóða upp á úrræði sem tekur við einstaklingum eftir að þeir hafi lokið frumendurhæfingu er úrræði sem ekki er í boði annars staðar í kerfinu. Þegar einstaklingar verða fyrir miklum áföllum s.s. alvarlegum veikindum eða slysum sem hafa víðtæk áhrif á gæði þeirra lífs þá tekur það oft lengri tíma að ná upp færni en hægt er að bjóða upp á sjúkrahúsum. Starfsemi Sjálfssbjargarheimilisins kemur þarna sterkt inn þar sem þjónustubegar hafa tækifæri til að aðlagast og endurhæfast frekar til að ná færni til að takast á við daglegt líf og nýjar áskoranir sem því fylgja eftir að hafa orðið fyrir áfalli.

Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði þjónustubegum Sjálfssbjargarheimilisins og öllum starfsmönnum til heilla.

Ég vil að lokum þakka stjórnamönnum og starfsmönnum Sjálfssbjargarheimilisins fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.



Formaður stjórnar Sjálfssbjargarheimilisins

# Skrifstofa

Þórdís Rún Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Sjálfssbjargarheimilisins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri Sjálfssbjargarheimilisins gagnvart formanni stjórnar. Tveir aðrir starfsmenn starfa á skrifstofunni en verkefni skrifstofu er að annast öll starfsmannamál, túlka kjarasamninga, færa bókhald og halda utan um greiðslur. Mikil áhersla er lögð á að rekstur Sjálfssbjargarheimilisins samræmist lögum og reglum og að faglega sé unnið úr úrlausnarmálum sem upp kunna að koma.

Skrifstofan starfar þverfaglega með öllum starfseiningum Sjálfssbjargarheimilisins. Lögð er áhersla á gott samstarf og miðlun upplýsinga til starfsmanna. Verkefni starfsmanna eru ólík en mikil samskipti eru við aðra stjórnendur og samstarfsfólk. Kristín Rós Andréasdóttir bókari og launafulltrúi léti af störfum undir lok árs vegna aldurs og er þakkað fyrir vel unnin störf á þeim næstum 15 árum sem hún starfaði hjá Sjálfssbjargarheimilinu.

## Fjármál

Ársreiking fyrir árið 2022 má sjá aftast í skýrslunni. Ríkisframlagið fyrir árið 2022 voru 756 m.kr. en var 735 m.kr. árið 2021. Hækkunin milli ára var rúmar 21 m.kr. sem er svipuð hækkun og var á milli undanfarinna ára. Aðhaldsaðgerðum var viðhaldið og var rekstarafgangur á árinu. Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann undir áætlun á árinu. Liðurinn Annar rekstarkostnaður var 142,8 m.kr. á árinu 2022 en hafði verið 152 m.kr. á árinu 2022. Þessa lækkun má helst rekja til breytinga því húsnæði sem Sjálfssbjargarheimilið hefur til umráða.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2022 jákvæð um tæpar 47 m.kr. Þetta er örlítið hærra ef miðað er við fyrra ár og vel viðunandi miðað við rekstur fyrri ára. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.

# Búsetuendurhæfing og hjúkrun

Alda Ásgeirs dóttir hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur er forstöðumaður hjúkrunar hjá Sjálfssbjargarheimilinu. Í búsetuhluta er tvenns konar búseta. Annarsvegar þeir sem koma í endurhæfingu og búa þá í allt að tvö ár en síðan útskrifast heim til sín eða í önnur úrræði. Svo eru hreyfihamlaðir einstaklingar sem eru í hjúkrunarbúsetu en það eru einstaklingar sem hafa margir búið lengi á Sjálfssbjargarheimilinu og eru farnir að verða aldraðir. Endurhæfing með sólarhringsþjónustu er einnig í boði fyrir styttri tíma og er sér íbúð fyrir þetta úrræði. Einnig er hægt að nýta þá íbúð fyrir hvíldarinnlögum.

## Endurhæfing

Vel hefur gengið að koma á fót endurhæfingu og er verklag enn í þróun. Á árinu voru níu þjónustubegar í endurhæfingu með búsetu, af þeim voru tveir útskrifaðir til síns heima og hefur gengið vel hjá þeim. Annar útskrifaðist en verður í áframhaldandi endurhæfingu í dagþjónustu hjá Þjónustumíðstöðinni tvívar í viku og hinn sækir sjúkraþjálfun í húsið. Von er á fleirum í endurhæfingu með búsetu og fögnum við því. Við sjáum að þetta er gott framhald frá t.d. Grensásdeild til að

takast á við daglegt líf og fá þjálfun í að bjarga sér heimavið og einnig að fá áframhaldandi líkamlega þjálfun og stuðning.

## Faglegt starf

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar taka þátt í starfi inntökuteymis og endurhæfingarteymis. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu og markvisst er unnið að því að tengja saman meginþætti í starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins sem eru búseta og dagþjónusta. Er það meðal annars gert með því að iðjuþjálfar og starfsfólk í aðhlynningu kynni sér starfsemi hvors annars og er það gert með setu iðjubjálfa í rapportum aðhlynningar og einnig með heimsóknum starfsfólks í aðhlynningu í þjónustumiðstöð til að fylgjast með starfsemi iðjubjálfa þar. Þetta veitir innsýn inn í störf hvors annars og betri skilning á störfin og endurhæfinguna í heild.



Fræðsla fyrir starfsfólk var skipulögð eftir að hömlum vegna COVID-19 var aflétt í lok apríl. Lögð hefur verið áhersla á örfræðslu fyrir starfsfólk í aðhlynningu þar sem erfitt er að skipuleggja langa fræðslufundi vegna eðli starfsins. Örfræðsla er ákveðin einu sinni í mánuði, þar sem starfsfólk skiptist á fræðslu um efni sem þörf er á í hvert skipti.

## Búseta

Árið fór í miklar skipulagsbreytingar. Í janúar var starfsemin endanlega flutt af 5. hæð. Starfsaðstaða var öll flutt á 3. hæð. Þar er gott herbergi fyrir starfsfólk og einnig er þar herbergi fyrir hjúkrunarvakt. Þetta hefur í för sér minni hlaup í stigum, nálægð við starfsfólk og hjúkrunarfræðinga er meiri og einnig tenging við skrifstofu. Í dag búa því allir þjónustubegar í búsetu sjálfstætt í íbúðum.

Búsetan verður blönduð einhver ár enn, það eru þjónustubegar sem eru hreyfihamlaðir og fengu íbúðir til að búa í sjálfstætt og þjónustubegar sem eru að koma í endurhæfingu, en stefnt er að því að allir sem eru í búsetu verði í endurhæfingarbúsetu til allt að tveggja ára. Með þessum breytingum var einnig ákveðið að hafa allar máltíðir í matsal á 2. hæð. Einungis morgunmatur er í setustofu á 4. hæð, fyrir þá sem ekki borða inni hjá sér.

## Starfsfólk

Hjúkrunarþjónusta er til staðar allan sólarhringinn. Á árinu voru um 20-22 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu. Þó íbúum hafi fækkað um sinn er von á fleiri þjónustubegum í endurhæfingu með búsetu á næstunni og mikil þróun í gangi tengt því ferli. Læknar koma frá Heilsuvernd ehf. á fund hjúkrunarfræðinga einu

sinni í viku þar sem farið er yfir mál þjónustubæga, eftir þörfum. Þess utan eru þeir á bakvöktum kvöld, nætur og um helgar og á helgidögum. Þetta fyrirkomulag hefur hentað starfseminni vel.

Það var mikið álag í byrjun árs vegna COVID-19, en allt gekk upp og er það góðu starfsfólki að þakka, sem lagði mikið á sig á þessu tímabili. Starfsmannavelta hefur verið lítil og er það gott. Nokkrir starfsmenn í aðhlynningu eru að bæta við sig námi, eru í sjúkraliðanámi og aðrir eru að taka fagnámskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu.


## Starfsemi ársins

Fyrri hluti ársins litaðist af COVID-19 og þeim reglum sem burfti að framfylgja. Þjónustubegar fengu fjórðu bólusetninguna gegn COVID-19 í júní. Haldið var í fasta liði, sem eru skemmtilegir og þjónustubegar taka þátt í. Þorramaturinn var á sínum stað í matsal eins og venja er og var það með minna sniði en áður. Sumarblómin voru sett niður og döfnuð vel. Þjónustubegar nýta mikið útisvæðið hjá okkur og njóta því vel að hafa fallegt í kringum sig. Það er alltaf grillað og drukkið síðdegiskaffi öðru hvoru þegar vel viðrar. Glæsilegt jólahlaðborð var haldið í desember og síðan var hátiðarmatur í boði um jól- og áramót og reynt að hafa það eins huggulegt og hægt er. Það er alltaf töluvert af þjónustubegum sem borða hjá okkur, en aðrir fara heim til sinna nánustu.

# Þjónustumiðstöð

Valerie J. Harris iðjuþjálfí er forstöðumaður og yfiriðjuþjálfí Þjónustumiðstöðvar Sjálfssbjargarheimilisins (ÞMS). Markmið ÞMS er að veita endurhæfingu og stuðningsþjónustu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélagini.

Þjónustan byggir á hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálstofnunar innar (WHO) um endurhæfingu og heilsufar. Myndin fyrir neðan sýnir flokkun frá Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (WHO 2015) og lýsir hvernig færni einstaklings á ákveðnu sviði ákvarðast af mjög flóknu samspili heilsufars og aðstæðna. Að efla einstaklinginn og fjölskyldu hans til að ná sem mestri færni í daglegu lífi og lifa innihaldsríku lífi er áskorun. Þjónusta þarf að vera fjölbreytt, sveigjanleg og fyrst og fremst einstaklings eða fjölskyldumiðuð með skýrum markmiðum og tímaramma.



Skilgreining frá Alþjóðaheilbrigðismálstofnuninni um endurhæfingu og heilsufar er höfð að leiðarljósi í starfsemi í Þjónustumiðstöðvar Sjálfssbjargarheimilisins.

Hjá ÞMS starfa 4 iðjuþjálfar, þar af er einn þeirra forstöðumaður, 1 sjúkrabjálfari, 6 sérhæfðir aðstoðarmenn, og jógakennari (verktaki). ÞMS veitir 42 einstaklingum þjónustu, tveir af þeim eru í hjúkrunarbúsetu á Sjálfssbjargarheimilinu, 15 eru í tímabundinni endurhæfingarbúsetu eða á dagstatus. Aðrir eru í viðhaldsendurhæfingu og búa í eigin húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Sá yngsti

er fæddur árið 2001 en sá elsti er fæddur árið 1947. Langflestir sem sækja um í PMS koma í beinu framhaldi af frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Mikil áhersla er lögð á að hafa þjónustuna samfellda svo að einstaklingar byrja oftast 2-3 vikur bæði á Grensásdeild og PMS. Dögunum á Grensásdeild fækkar síðan og dögum í PMS fjölgar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Aðrir koma frá taugasviði Reykjalundar, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi frá heimilislæknum.

## Einstaklingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir einstaklinginn og styður auk þess við fjölskyldur þeirra. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir þjónustubega og aðstandendur þeirra. Þjónustan í PMS styðst við einstaklingsmiðaða þjónustu, en með þeiri aðferð tekur einstaklingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkid sem sinnir þörfum hans og óskum, virðingu og skilning. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga.

16

Endurhæfingarþjónustunni er núna skipt upp í tvær þjónustuleiðir.

1. Endurhæfing, tímabundin með eða án búsetu
2. Endurhæfing, langtíma/viðhaldsendurhæfing


Endurhæfingaráætlun með markmiðum og tímaáætlun er unnin fyrir hvern og einn og endurmetin reglulega. Endurhæfingaráætlun einstaklinga í tímabundinni endurhæfingu eru í höndum endurhæfingarteymis og markmið og íhlutun skipulögð af þverfaglegu teymi. Þjónustan er veitt þar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendumeinstaklingsins. Hún er mjög fjölbreyttog miðast við þarfir hvers og eins. Viðhaldsendurhæfing er í höndum langtímaendurhæfingarteymis sem samanstendur af fagfólk og sérhæfðu aðstoðarfólk. Íhlutun fer fram að mestu leyti í hópum innan Þjónustumiðstöðvarinnar en líka í samfélaginu.

## Endurhæfingarsundlaug

Sundlaugin er innilaug, sem er sérstaklega útbúin fyrir hreyfihamláða og því með góðu aðgengi og lyftubúnaði. Laugin er 16.67 metrar á lengd og er vatninu haldið 32 gráðu heitu að jafnaði. Sundlaugin er nýtt til endurhæfingar og boðið er upp á vatnsleikfimi, sundtíma, og flot með þjálfurum og kennurum. Einnig er boðið upp á opna tíma fyrir einstaklinga með hreyfihömlun sem geta ekki notað almenningslaugar.

## Árið 2022

Endurskipulagning og efling endurhæfingarþjónustu hefur einkennt árið 2022. Ráðning sjúkrabjálfara í 100% stöðu og nema í íþróttatrafæði



í 40% stöðu hefur gert okkar kleift að styrkja endurhæfingu, sérstaklega hreyfidagskránnna. Mjög gott samstarf er með nýja teymisstjóra endurhæfingar sem er talmeinafræðingur að mennt og hefur hjálpað öllum deildum að samræma ferla, skýra betur þjónustu og gera endurhæfingar markvissari.

Þjónustubegar sem leita til okkar eru yngri, koma fyrr eftir áfall eða veikindi frá Landspítala og fleiri hafa ekki íslensku sem móðurmál. Þetta kallar á fleiri breytingar á þjónustu sem þörf er á. Eftirköst Covid tímabilsins eru að koma betur og betur í ljós. Fólk hefur einangrast og misst niður færni, líkamlega, vitræna og andlega. Þjónusta mun burfa að breytast til að takast á við afleiðingar þessa tímabils.

Eins og í fyrra vil ég þakka öllum fyrir gott samstarf í gegnum Covid tímabilið. Ég er mjög stolt af því hvernig þjónustubegar, aðstandendur og starfsfólk stóðu saman til að minnka áhrif veirunnar!

## Talmeinabjónusta

17

Þórunn Hanna Halldórsdóttir er talmeinafræðingur Sjálfssbjargarheimilisins og hóf hún störf í maí 2022. Er hún fyrsti talmeinafræðingurinn sem starfar hjá Sjálfssbjargarheimilinu en hún hefur breiða og mikla reynslu af endurhæfingu fólks með ákominn heilaskaða. Starfsvið talmeinafræðings snýr að meðferð tjáskiptavanda s.s. raddmeinum, þvogli, málstoli eða vitrænni tjáskiptaskerðingu. Þá sinnir talmeinafræðingur einnig klínískri greiningu og ráðgjöf tengt kyngingarvanda.

Þórunn Hanna er enn fremur teymisstjóri endurhæfingarteymis Sjálfssbjargarheimilisins og hefur í því starfi yfirsýn yfir verklag teymisins, fundi og situr í inntökuteymi. Þessir fyrstu mánuðir í því starfi hafa farið í að skilgreina hlutverk og verklag teymisins og útbúa og yfirfara skjöl sem tengjast endurhæfingunni. Þá eru í vinnslu ýmis gæðaskjöl þar sem verklag teymisins er framsett, s.s. skráning í sjúkraskrá, hlutverk tengiliðs og verklag teymisins í gegnum endurhæfingarferil þjónustubegans.

### Þjónustuhópur

Þjónustubegar Sjálfssbjargarheimilisins glíma flestir við erfiðleika eftir skaða á miðtaugakerfi, í mænu og/eða heila. Hjá þessum hópi er mjög algengt að finna fyrir erfiðleikum með tjáningu, hvort sem það tengist rödd, framburði, að finna rétt orð eða að koma hugsun sinni frá sér á skýran og skilmerkilegan hátt. Þá geta erfiðleikar sem tengjast málskilningi, minni og athygli truflað hlustun og skilning á töluðu og rituðu máli. Talsmáti, orðnotkun og hljómfall er tjáning á persónuleika, tilfinningum og líðan. Tjáskiptavandi getur því haft mikil áhrif á lífsgæði og sjálfsmynd einstaklingsins.

Þegar heilinn skaðast eftir áfall eða sjúkdóma situr fólk of uppi með einkenni sem bað þarf að læra að lifa með. Þá þarf fólk að kynnast sjálfum sér upp á nýtt, læra að meta og reiða sig á styrkleika sína, taka tillit til veikleikanna og byggja upp gott sjálfstraust. Talmeinafræðingar líta heildraent á tjáskiptavandann þar sem litið er til þeirra hlutverka sem einstaklingurinn sinnir, félagslegrar stöðu og verkefna sem tilheyra hans daglega lífi. Mikilvægt er að líta einnig til þeirra umhverfisþátta og eiginleika einstaklingsins sem geta stutt við eða hindrað endurhæfinguna.

## Þjálfun

Talmeinafræðingur sinnir þjálfun bæði í hóptínum og einstaklingstínum. Í talþjálfun er metið hvar erfiðleikar liggja og hvernig þeir trufla daglegt líf og framtíðarmarkmið einstaklingsins. Þá er unnið t.d. með orðminni, lestur, ritun texta, skipulagningu verkefna, notkun ritaðra minnisaðferða, námstækni, ýmis konar frásagnir (t.d. útskýringar, leiðsögn og atburðalýsing), túlkun á félagslegri hegðun og viðeigandi viðbrögð í félagslegum aðstæðum. Þá er stórt verkefni að styðja við tjáskiptafærni einstaklinga takmarkaða tjáningu, hvort sem er með innleiðingu óhefðbundinna tjáskiptaleiða eða fræðslu til starfsfólks og fjölskyldu um leiðir til að styðja við tjáningu og auka samskipti.



Kyning og næringarinntekt eru þættir sem geta skipt miklu máli fyrir endurhæfinguna. Kyningarávandi er algengur eftir ákominn heilaskaða og getur haft í för með sér næringarskort, ásvelgingarlungnabólgu og jafnvel köfnun, ef stórir bitar loka fyrir loftveginn. Því er mikilvægt að bregðast við ef grunur er um kyningarávanda. Úrræði geta verið bæði æfingar, þ.e. þjálfun og styrking á vöðvum í munni og koki, og uppbótaraðferðir. Uppbótaraðferðir eru t.d. breytt líkamsstaða við matarinntekt, breytt áferð matar og aðlöguð hnífapör, glös og diskar. Þessi úrræði kalla oft á þverfaglega nálgun með samvinnu við iðjuþjálfa, sjúkrabjálfara og starfsfólk í eldhúsi.

Talmeinafræðingur hélt tvö fræðsluerindi á sl. ári. Annars vegar örfræðslu um rödd og raddmein fyrir þjónustubega í heilsuvikunni og hins vegar fræðsluerindi fyrir starfsfólk um hvernig styðja megi við samskipti við fólk með málstol.

Þessir fyrstu mánuðir talmeinafræðings í starfi hjá Sjálfssbjargarheimilinu hafa verið mjög gefandi og hefur tíminn nýst til að átta sig á möguleikum til að nýta þjónustu talmeinafræðings sem best, sem og hvernig best sé að kynna og nýta þá góðu þverfaglegu langtímaendurhæfingu sem í boði er hér í Sjálfssbjargarheimilinu. Ljóst er að það er mikil þörf á langtímaendurhæfingu fyrir fólk með ákominn skaða á miðtaugakerfi og sú jákvæða endurgjöf sem við höfum fengið frá okkar þjónustubegum og fjölskyldum þeirra hvetur okkur áfram.

# Félagsráðgjöf

Anna Rós Jensdóttir er félagsráðgjafi Sjálfssbjargarheimilisins og starfar samkvæmt heildarsýn sem er sú hugmyndafræðilega nálgun í vinnuaðferðum hans. Unnið er samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa sem hefur þær í heiðri í sínum störfum: „Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.“

## Endurhæfing eftir áföll

Endurhæfing eftir veikindi eða slys sem valda heila- og taugaáverkum getur valdið miklum breytingum í lífi fólks sem bregðast þarf við af fagaðilum innan heilbrigðiskerfisins. Endurhæfing miðar að því að auka við færni fólks í athöfnum daglegs lífs og er mismunandi hvernig sú færni er bætt hjá viðkomandi aðila. Þjónustubegi sem stundar endurhæfingu hjá Sjálfssbjargarheimilinu þarf oft margskonar aðstoð við að aðlaga sig að nýrri og breytti veröld. Það gerir hann með því að læra nýjar aðferðir til að takast á við líf sitt. Þessum veikindum fylgir áfall fyrir þann aðila sem fullfrískur var fyrir, en svo má einnig segja um aðstandendur sem standa honum næstir. Færni og geta sem fyrir hendi voru áður hefur minnkað og jafnvel tapast alveg og þarf því oft að endurskipuleggja líf og aðstæður þjónustubegans og fjölskyldunnar.

19

## Verksvið félagsráðgjafa

Félagsráðgjafi leggur áherslu á að valdefla alla þjónustubega en með valdeflingu er lögð áhersla á að efla persónulega styrkleika og sjálfsstyrk einstaklingsins. Félagsráðgjafi veitir einstaklings- og fjölskylduviðtöl og leggur áherslu á sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf. Verkefnin eru fjölbreytt og snúa að ólíkum þáttum innan samfélagsins og tekur mið að því hvar þjónustubegi er staddur og leitast við að tengja saman þjónustukerfi. Félagsráðgjafi fylgist með framvindu þeirra í því skyni að bæta hag og velferð og kemur að undirbúningi fyrir útskrift hvort heldur úr endurhæfingu eða sjálfstæðri búsetu með stuðningi. Fjölskyldufundur er haldinn og þörf fyrir aðstoð metin m.t.t. félags- og hjúkrunarþjónustu í framhaldi.

## Þverfagleg teymisvinna

Félagsráðgjafi sinnir teymisstjórn með starfi inntökuteymis og heldur utan um fundi þess. Tekur einnig þátt í starfi endurhæfingateymis sem er myndað utan um þjónustubega í endurhæfingu. Teymin hittast reglulega til að fara yfir hvar þjónustubeginn og markmið hans stand.

# Mötuneyti

Meiri hluta ársins stýrði Aðalbjörg Hrafnasdóttir matartæknir mötuneytinu í fjarveru Garðars Halldórssonar matreiðslumeistara sem létt af störfum vegna aldurs. Ráðinn var nýr forstöðumaður Jóhann Sveinsson matreiðslumeistari sem tók við rekstri mötuneytisins undir árslok. Mötuneytið er opið 365 daga á ári. Fyrir þá sem eru í búsetu er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Fyrir þá sem eru dagþjónustu er boðið upp á hádegismat og síðdegiskaffi. Að auki sinnir mötuneytið margskonar verkefnum svo sem veitingum á fundi og viðburði eftir þörfum. Grunnstarfsemin er þó að sjá þjónustubegum fyrir hollum og góðum mat.

Þjónustubegar í búsetuhluta nota matsalinn til að drekka síðdegiskaffið og borða einnig kvöldmat en áður voru þessar máltíðir snæddar á kaffistofu búsetuhlutans sem er ekki nægjanlega rúmgóð. Hefur þessi breyting verið jákvæð og fólk notið þess að ræða og snæða saman.

20

Á árinum 2020 og 2021 var starfsemi óhefðbundin vegna COVID-19 en á árinu 2022 var aftur haldið jólahlaðborð með hefðbundnum hætti og allt starf féll í fyrri skorður. Aðgreining í matsal var mjög skýr á COVID-19 tímabilinu en á árinu 2022 var hún felld niður. Áfram var þó skipt í matsalinn eftir tíma en það var gert til að koma í veg fyrir að allir mæti á sama tíma og að raðir myndist.



Lögð var áhersla á að skreyta matsalinn við hin ýmsu tilefni eins og á Hrekkjavöku, um jólin og svo voru haldnir bleikir dagar og þá var allt skreytt. Er þetta gert til að brjóta upp hversdagsleikann. Grillað var um sumarið en sú hefð féll niður árin á undan vegna COVID-19. Ánægjulegt var að geta grillað og borða saman en góðar svalir eru við matsalinn.

Settar voru upp nýjar gardínur í matsal og mælt var fyrir nýjum hurðum sem bíða uppsetningar á næsta ári. Kominn er tími til að endurnýja búningsaðstöðu starfsmanna og verður það gert á næsta ári.

Starfsfólk mötuneytis heldur sínu striki, hefur góðan og fjölbreyttan mat á hverjum degi. Áfram verður lögð áhersla á að útbúa hollan og góðan mat, salatbarinn var aftur tekinn upp á árinu og dregið hefur verið úr sætum eftirréttum og boðið frekar upp á niðurskorna ávexti í eftirmat. Áfram er lögð áhersla á að allir séu ánægðir og glaðir.

# Ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins 2022

Ársreikningur

**Sjálfsbjargarheimilið**

2022



# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2 - 3
Áritun endurskoðenda .....	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2022 .....	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2022 .....	7
Sjóðstreymi ársins 2022 .....	8
Skýringar .....	9 - 13

## Stjórn félagsins Sjálfssbjargarheimilið:

Guðrún Karlsdóttir, formaður  
Björgvin Ingi Ólafsson  
Guðrún Árnadóttir  
Margrét S. Jónsdóttir  
Ólafía Ósk Runólfssdóttir

23

## Framkvæmdastjóri:

Þórdís Rún Þórisdóttir

## Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

24

## Meginstarfsemi félagsins

Sjálfssbjargarheimilið var sett á stofn 1973 af Sjálfssbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Starfsemi Sjálfssbjargarheimilisins er skilgreind sem endurhæfing og boðið er upp á endurhæfingu með búsetu og/eða á dagdeild. Búseta er að hámarki til tveggja ára og að þeim tíma loknum geta þjónustuþegar haldið áfram sinni endurhæfingu á dagdeild. Aðrir þjónustuþegar eru í endurhæfingu á dagdeild. Starfandi eru þverfagleg inntoku- og endurhæfingarteymi. Fjölbreytt flóra sérfræðinga starfa hjá Sjálfssbjargarheimilinu, s.s. félagsráðgjafi, iðjuþjálfar, híjukrunarfræðingar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Einnig er unnið í nánu samstarfi við aðra sjúkrapjálfara og lækna. Á vegum Sjálfssbjargarheimilisins er einnig rekin endurhæfingarsundlaug, hvíldarrými, eldhús og þvottahús.

## Starfsemi á árinu

Framlag ríkisins í fjárlögum 2022 nam 757 millj. kr. og er það 3% hækkan frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2022 námu bókfærðar eignir heimilisins 40 millj. kr. en skuldir 101 millj. kr. Eigið fé í efnahagsreikningi var neikvætt um 61 millj.kr. í árslok 2022.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá heimilinu á árinu umreiknaður í heilsársstörf var 50,4 og launagreiðslur félagsins námu um 463,9 millj.kr.

## Starfsemi á árinu

Stjórnin vísar til eiginfjáryfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarafgangi ársins.

## Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2022 var rekinn með 46,8 millj. kr. hagnaði. Lífeyrisskuldbindingar fyrverandi starfsmanna hjá Sjálfssbjargarheimilinu við B-deild eldri réttindakerfis LSR - Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var breytt í ársþyrjun 2016 með samningi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkissjóðs og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Uppgjörið var gert með verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af Lífeyrissjóði ríkisins með 120 mánaða afborgunum frá apríl 2017. Fyrstu þríu árin voru greiddir vextir en svo hófust greiðslur af höfuðstól. Skuldabréfið er fært til skuldar á langtímaskuldir heimilisins. Eignir hvers árs eru gjaldfærðar en safnast ekki upp á efnahagsreikning, en það og uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga hefur neikvæð áhrif á eigið fé heimilisins.

### **Samþykki ársreiknings**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald heimilisins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárréiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2022 og breytingum á handbæru fé á árinu 2022. Allar skuldbindingar heimilisins koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin notkun Sjálfsbjargarheimilisins á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur heimilisins er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins.

Reykjavík, 13. mars 2023

Stjórn:

Audrun Karladóttir  
Björgvin Þórhildur Elgs  
Guðrún Óskarsdóttir  
Ólafur Óskur Rúnar Ólafsson  
Sofía Óskarsdóttir  
Framkvæmdastjóri:

Þóðréið þóðréið.

25

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sjálfsbjargarheimilisins

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu heimilisins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félagini í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

26

## Rekstrarhæfi

Við vekjum athygli á sérstakri umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 11 þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu heimilisins.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem heimilið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem heimilið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi heimilisins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa heimilið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi heimilisins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falíð í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits heimilisins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralaustri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi heimilisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.



Theodór S. Sigurbergsson

**löggiltur endurskoðandi**

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

13. mars 2023

# Rekstrarreikningur ársins 2022

28

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Ríkisframlög .....		756.806.320	735.099.995
Aðrar tekjur .....		26.465.741	27.576.648
		<u>783.272.061</u>	<u>762.676.643</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og tengd gjöld .....	3	( 587.324.849)	( 572.042.003)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 142.861.196)	( 155.482.864)
		<u>( 730.186.045)</u>	<u>( 727.524.867)</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....</b>		<b>53.086.016</b>	<b>35.151.776</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	4		
Fjármunatekjur .....		1.791.086	208.652
Fjármagnsgjöld .....		( 8.049.545)	( 7.756.914)
		<u>( 6.258.459)</u>	<u>( 7.548.262)</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<b>46.827.557</b>	<b>27.603.514</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

## Eignir

	Skyr.	2022	2021
Birgðir .....	5	3.360.000	3.065.402
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	6	2.942.032	3.472.614
Handbært fé .....		34.099.181	24.992.333
<b>Veltufjármunir</b>		<b>40.401.213</b>	<b>31.530.349</b>
<b>Eignir alls</b>		<b>40.401.213</b>	<b>31.530.349</b>

## Eigið fé og skuldir

Ójafnað tap .....	(	61.283.534)	(	108.111.091)	29
<b>Eigið fé</b>	<b>7</b>	<b>(</b> <b>61.283.534)</b>	<b>(</b> <b>108.111.091)</b>		
Langtímalán .....		29.621.894		66.866.245	
Næsta árs afborganir langtímalána .....	(	7.109.255)	(	12.736.428)	
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>8</b>	<b>22.512.639</b>		<b>54.129.817</b>	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	9	72.062.853		72.775.195	
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	8	7.109.255		12.736.428	
<b>Skammtímaskuldir</b>		<b>79.172.108</b>		<b>85.511.623</b>	
<b>Skuldir alls</b>		<b>101.684.747</b>		<b>139.641.440</b>	
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<b>40.401.213</b>		<b>31.530.349</b>	

# Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		46.827.557	27.603.514
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda .....	2	6.614.591	963.248
		<u>53.442.148</u>	<u>28.566.762</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækjun) .....		530.582	( 1.290.824)
Birgðabreyting, hækjun .....	(	294.598)	( 148.719)
Skammtímaskuldir, hækjun .....		3.146.146	4.108.861
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>3.382.130</u>	<u>2.669.318</u>
		<u>56.824.278</u>	<u>31.236.080</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddar afborganir langtímalána .....	(	43.858.942)	( 31.028.678)
Tengdir aðilar, breyting .....	(	3.858.488)	3.730.521
	<u>(</u>	<u>47.717.430)</u>	<u>(</u>
		<u>34.099.181</u>	<u>27.298.157)</u>
<b>Hækjun á handbæru fé .....</b>		9.106.848	3.937.923
Handbært fé í ársþyrjun .....		24.992.333	21.054.410
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<u>34.099.181</u>	<u>24.992.333</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Sjálfsbjargarheimilið er endurhæfingarstofnun sem var stofnuð árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Heimilið er staðsett í Hátúni 12 í Reykjavík. Sjálfsbjargarheimilið rekur framhaldsendurhæfingu fyrir einstaklinga með heila- og taugaskaða sem hafa fengið frumendurhæfingu á sjúkrastofnunum. Boðið er upp á endurhæfingu með búsetu eða á dagdeild. Einnig er rekin endurhæfingarsundlaug, mótneyti og þvottahús.

Sjálfsbjargarheimilið er ekki skattskyldt.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. 31

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum heimilisins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

### Innlausn tekna

Stærsti tekjuliður heimilisins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur felast fyrst og frest í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða visitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður í efnahagsreikning og færður til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

32

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	463.913.859	449.873.597
Lífeyrissjóðsgjöld .....	73.769.262	70.216.910
Önnur launatengd gjöld .....	49.445.114	51.508.784
Annar starfsmannakostnaður .....	196.614	442.712
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>587.324.849</u>	<u>572.042.003</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	50	54

### 4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.679.113	86.823
Aðrar vaxtatekjur .....	111.973	121.829
	<u>1.791.086</u>	<u>208.652</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vextir og verðbætur langtímaskulda .....	7.888.713	7.607.550
Önnur vaxtagjöld .....	160.832	149.364
	<u>8.049.545</u>	<u>7.756.914</u>

## 5. Birgðir

Yfirlit yfir birgðir:	2022	2021
Matvælabirgðir .....	3.360.000	3.065.402
	<u>3.360.000</u>	<u>3.065.402</u>

## 6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2022	2021
Viðskiptakröfur .....	1.923.537	2.522.047
	<u>1.923.537</u>	<u>2.522.047</u>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>		
Aðrar skammtímakröfur .....	1.018.495	950.567
	<u>1.018.495</u>	<u>950.567</u>

## 7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárréikninga:

Ójafnað tap

Flutt frá fyrra ári .....	( 108.111.091)
Hagnaður ársins .....	46.827.557
Eigið fé 31.12.2022 .....	( 61.283.534)

## 8. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	2022	2021
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7% .....	29.621.894	66.866.245
	<u>29.621.894</u>	<u>66.866.245</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Innan árs .....	7.109.255	12.736.428
Eftir 1 - 2 ár .....	7.109.255	12.736.428
Eftir 2 - 3 ár .....	7.109.255	12.736.428
Eftir 3 - 4 ár .....	7.109.255	12.736.428
Eftir 4 - 5 ár .....	1.184.874	12.736.428
Afborgun síðar .....	0	3.184.105
	<u>29.621.894</u>	<u>66.866.245</u>

## 9. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	2022	2021
Lánardrottnar .....	8.695.817	11.304.775
	<u>8.695.817</u>	<u>11.304.775</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

Reiknað áunnið orlof .....	41.544.499	37.511.579
Ógr. launatengd gjöld .....	21.766.155	20.043.971
	<u>63.310.654</u>	<u>57.555.550</u>

### Skuld við tengda aðila

Tengdur aðili - Sjálfsbjörg .....	56.382	3.914.870
	<u>56.382</u>	<u>3.914.870</u>

## 10. Tengdir aðilar

34

Viðskipti við tengd félög árið 2022:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra .....	39.304.647	1.490.237	0	56.382
	<u>39.304.647</u>	<u>1.490.237</u>	<u>0</u>	<u>56.382</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2021:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra .....	46.165.979	1.841.908	0	3.914.870
	<u>46.165.979</u>	<u>1.841.908</u>	<u>0</u>	<u>3.914.870</u>

## 11. Fjárhagsleg staða

Í árslok 2022 var eigið fé Sjálfsbjargarheimilisins neikvætt um 61 millj. kr. Skuldir heimilisins nema samtals 98 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 23 millj.kr. og skammtímaskuldir 79 millj. kr. Veltufjárlutfall er 0,53. Langtímaskuldir í skýringu 8 eru tilkomnar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingu heimilisins.

Prátt fyrir lágt veltufjárlutfall og neikvætt eigið fé telur stjórn Sjálfsbjargarheimilisins að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnumarmöguleika sé ekki hætt á greiðslufalli hjá heimilinu í nánustu framtíð.

## Fimm ára yfirlit félagsins

Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

	2022	2021	2020	2019	2018
<b>Rekstur</b>					
Ríkisframlag.....	756.806	735.100	714.300	694.200	670.400
Aðrar tekjur.....	26.466	27.577	24.445	28.651	29.405
Rekstrartekjur.....	783.272	762.677	738.745	722.851	699.805
Rekstrargjöld.....	(730.186)	(727.525)	(701.199)	(691.202)	(696.060)
Hagnaður f. fjárm.liði .....	53.086	35.152	37.546	31.649	3.745
Fjármagnsliðir.....	(6.258)	(7.548)	(8.823)	(7.165)	(7.610)
Hagnaður (tap) ársins	<u>46.828</u>	<u>27.604</u>	<u>28.723</u>	<u>24.484</u>	<u>(3.865)</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir.....	40.401	31.530	26.153	31.593	7.275
Eignir samtals	<u>40.401</u>	<u>31.530</u>	<u>26.153</u>	<u>31.593</u>	<u>7.275</u>
Eigið fé .....	(61.284)	(108.111)	(135.715)	(164.438)	(188.922)
Langtímaskuldir.....	22.513	54.130	80.776	111.638	121.936
Skammtímaskuldir.....	79.172	85.512	81.091	84.393	74.261
Eigið fé og skuldir samtals	<u>40.401</u>	<u>31.530</u>	<u>26.153</u>	<u>31.593</u>	<u>7.275</u>

35

